

Evrópustofnun æskulýðs (EYF)

Stuðningur við ungt fólk í Evrópu



**Tileinkað
æskulýð**

Samræða
Tækifæri
Samfélag
Samstarf
Gæska
Gagnvirkt
Frjálstlegt
Skipti
Faglegt



COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE

EVROPURÁÐIÐ

■ Evrópuráðið (CoE) – með 47 aðildarríkjum og samtals fólksfjölda yfir 800 milljón íbúa – var stofnað árið 1949 með það að markmiði að koma í veg fyrir endurtekningu á hörmungum seinni heimsstyrjaldarinnar. Starfsemi þess er einstök í því að hún snýst í einu og öllu um kjarnagildin: mannréttindi, lýðræði og réttarríki.

■ Stofnunin er sú eina í heiminum þar sem æskulýðsleiðtogar taka ákvarðanir með fulltrúum ríkisstjórna um forgangsverkefni, starfsemi og stefnur í málefnum ungmenna.

HVAÐ ER EVRÓPUSTOFNUN ÆSKULÝÐS (EYF)?

■ Evrópustofnun æskulýðs (EYF) var stofnuð árið 1972 og gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi Evrópuráðsins í því að stuðla að samvinnu meðal ungs fólks í Evrópu og greiða fyrir virkri þátttöku þess í borgaralegu samfélagi og pólitískri ákvarðanatöku.

■ EYF hefur í rúm 40 ár aðstoðað og fjármagnað starfsemi ungmenna sem eflir mannréttindi, lýðræði, umburðarlyndi og samhug. Stofnunin gefur ungmennum færi á að koma skoðunum sínum á stjórnámálum og lýðræðislegu lífi á framfæri og þau gögn sem þau þurfa til að geta tekið virkan þátt í margbreyttum samfélögum nútímans.





QVILTU UPPLÝSINGAR UM FJÁRVEITINGAR OKKAR?

■ EYF er með bækistöðvar í Strassborg Evrópumíðstöð æskulýðs í Evrópuráðinu og veitir árlega um þrem milljónum evra í starfsemi ungmenna.

■ EYF styrkir samsvarandi einni starfsemi ungmenna á hverjum vinnudegi í Evrópu – 300 styrkir sem tengjast árlega 15.000 ungmennum. Rúmlega 370.000 evrópsk ungmenni hafa beinlínis notið góðs af verkefnum styrktum af EYF.

HVAÐ ER NÝTT?

■ Eftir endurskipulagningu árið 2013 hefur hlutverk EYF í aðstoð við að móta þá starfsemi sem það fjármagnar styrkst. Leita má aðstoðar hjá starfsfólki EYF sem veitir ráðgjöf og leiðsögn og einnig með því að meta inntak og aðferðafræði. Það vill vita um markmið umsækjenda og árangur og útkomu verkefna þeirra.

■ Þar sem ráðstöfunarfé EYF er úr ríkissjóðum eru farið í saumana á umsóknum og þær metnar til þess að tryggja gagnsæi og ábyrgðarskyldu og til þess að koma í veg fyrir fjársvik. Endurgreiða þarf styrki (að fullu eða hluta til) ef vart verður við óreglu eða skekkju og viðbótar viðurlög gilda í tilfellum um svik.

■ Nýtt gagnvirkt vefsetur EYF býður upp á skemmtileg og fræðandi tól og ógrynni af uppfræðsluefni sem við og skrásettar stofnanir leggjum til.

HVER GETUR SÓTT UM?

- ▶ Alþjóðleg frjáls félagasamtök ungmenna með starfsemi í a.m.k. 7 af aðildarríkjunum
- ▶ Alþjóðleg tengslanet frjálsra félagasamtaka ungmenna frá a.m.k. 7 af aðildarríkjunum
- ▶ Umdæmisbundin tengslanet frjálsra félagasamtaka ungmenna frá 4-6 af aðildarríkjunum
- ▶ Frjáls félagasamtök ungmenna lands með bækistöðvar í aðildarríki
- ▶ Svæðisbundin frjáls félagasamtök ungmenna með bækistöðvar í aðildarríki



■ Þessi samtök þurfa að vera áhugahópar og ekki rekin í hagnaðarskyni, hafa eigin lög, vera rekin af og fyrir ungt fólk á aldrinum 15-30 og vera starfrækt í samræmi við verðmætamat Evrópuráðs.

HVAÐ STYRKJUM VIÐ?

■ EYF styrkir starfsemi, nám, rannsóknir, efni og heimildasöfnun í samræmi við verðmætamat og starfsemi Evrópuráðs. Starfsemin þarf venjulega að fara fram í einu eða fleiri aðildarríkja EYF.

■ Ásetningur verkefna ætti að vera að:

- ▶ styrkja frið og samvinnu;
- ▶ stuðla að nánari samvinnu og auknum skilningi meðal ungs fólks;
- ▶ stuðla að upplýsingamiðlun;
- ▶ örva gagnkvæma aðstoð.

■ Verkefni þurfa einnig að falla vel að yfirstandandi forgangsverkefnum ungmennasviðs Evrópuráðs (sjá upplýsingar á vefsetri).

...OG ÞAÐ SEM ER EKKI STYRKT?

- ▶ Verkefni í hagnaðarskyni
- ▶ Smíði eða kaup á búnaði eða byggingum
- ▶ Ferðamannastarfsemi
- ▶ Íþróttastarfsemi
- ▶ Lögboðnir fundir
- ▶ Starfsemi innan skóla- eða háskólakerfis
- ▶ Námsstyrkir
- ▶ Starfsemi einskorðuð við verkmenntun



HVAÐ BJÓÐUM VIÐ?

■ Fjórar tegundir styrkja eru í boði fyrir mismunandi samtök:

- ▶ Alþjóðleg starfsemi (bjóðast öllum nema frjálsum félagasamtökum á svæðinu)
- ▶ Formgerðarstyrkir (bjóðast ekki frjálsum félagasamtökum á landinum eða svæðinu)
- ▶ Forverkefni (bjóðast ekki alþjóðlegum frjálsum félagasamtökum/tengslanetum)
- ▶ Árlegar verkefnaáætlanir (bjóðast eingöngu alþjóðlegum frjálsum félagasamtökum/tengslanetum, mega innihalda forverkefni)

HVERT ER FERLIÐ?

Skráning

■ Umsækjendur þurfa að byrja á því að skrá samtökin sín hjá Evrópustofnun æskulýðs (EYF).

Umsókn

■ Til þess að fullgilda skráningu þurfa umsækjendur að ganga úr skugga um að umsóknin sé fullgerð og ítarleg áður en hún er send.

Úrskurður

■ Úrskurður um alþjóðlega starfsemi, verkefnaáætlanir og formgerðarstyrki eru teknar í júní og desember á hverju ári, úrskurður um forverkefni á tveggja til þriggja mánaða fresti. Allir úrskurðir eru birtir á vefsetrinu.

Tilkynning

■ Á eyðublöðum til að viðtaka styrkveitingu er skrá yfir greiðsluskilmála. Eyðublöðin eru send til happasælla umsækjenda og 80% af styrknum greidd út u.þ.b. 10 vikum fyrir upphaf viðkomandi starfsemi.

Úttekt

■ Skila þarf skýrslum um starfsemi og fjármál til EYF tveimur mánuðum eftir að starfsemi lýkur. Eftirstöðvar styrksins (20%) eru útborgaðar eftir að EYF hefur mótttekið viðunandi skýrslur.

■ Frekari upplýsingar og skrá yfir alla skiladaga er að finna á vefsetrinu.

EVROPUSTOFNUN ÆSKULÝÐS

30, rue Pierre de Coubertin
F-67000 Strasbourg
Sími: +33 3 88 41 20 19
eyf@coe.int
<http://eyf.coe.int>

Follow us:



Prens 074818

IS

www.coe.int

Evrópuráðið er aðalsamtökin á sviði mannréttindamála í heimsálfunni. Aðildarríkin eru 47, þar á meðal 28 af aðildarríkjum Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

